

Skýrsla æskulýðsnefndar hestamannafélagsins Blæs 2012-2013

Í æskulýðsnefnd 2012 sátu Þórhalla Ágústsdóttir æskulýðsfulltrúi, Rósa Dögg Þórsdóttir, Anna Bergljót Sigurðardóttir, Guðrún Smáradóttir, Heiðrún Þorsteinsdóttir, Laufey Sigurðardóttir, María Katrín Jónsdóttir og Helga Rósa Pálsdóttir.

Í Blæ er lögð áhersla á að halda uppi virku og öflugu æskulýðsstarfi enda er það grunnurinn að framtíð félagsins. Reynt er að hafa sem flesta viðburði á vegum félagsins við hæfi allra aldurshópa og brúa kynslóðabilið sem víðast. Þannig eru félagsreiðtúrar t.d. miðaðir við að krakkar geti tekið þátt í þeim og hestaferð félagsins er við hæfi allra sem orðnir eru þökkalega hestfærir. Félagsaðstaðan okkar er að komast í endanlegt horf og hugsum við okkur gott til glóðarinnar að efla æskulýðsstarfið enn frekar með stórbættari aðstöðu til námskeiðahalds og annarar vinnu innandyrna.

Æskulýðsstarfið hófst með jólastund í desember þar sem krakkarnir hittust og áttu notalega stund saman og lagður var grunnur að vetrarstarfinu.

Í janúar hófst svo skipulagt aldursskipt starf. Yngri hópurinn hittist hálfsmánaðarlega með Hrönn Hilmarsdóttur leiðbeinanda í félagshúsi Blæs og lærði ýmislegt gagnlegt og skemmtilegt um hesta og hestamennsku. Eldri hópurinn fékk aðstöðu í hesthúsinu í Miðbæ og hittist þar vikulega með leiðbeinanda sínum Guðröði Hákonarsyni, fékk fræðslu um ýmislegt tengt hestamennskunni og æfði sig í gerði. Auk þess voru spila-, bíó- og pizzukvöld og páskaföndur hjá báðum hópum. Vetrarstarfinu var svo slútt að með húllumhæi á félagssvæðinu.

Hestakrakkaferð: Fyrstu helgina í maí fóru um 20 hestakrakkar á öllum aldri ásamt nokkrum vöskum foreldrum með rútu til Skagafjarðar. Tilgangur ferðarinnar var að sjá sýninguna „Æskan og hesturinn“ í Svaðastaðhöllinni, skoða ræktunarbú og skemmta sér saman. Tók ferðin fjóra daga og tókst mjög vel í alla staði. Farið var í heimsókn í Hóla þar sem allt var skoðað í krók og kring, einnig Hof, Dýrfinnustaði og Bæ og fengum við frábærar móttökur á öllum þessum stöðum. Hápunktur ferðarinnar var svo glæsileg sýning norðlenskra krakka á fákum sínum sem var mjög skemmtilegt og lærdómsríkt að fylgjast með. Auk þess að skoða allt það sem viðkom hestamennskunni skemmtu krakkarnir sér vel saman í sundi og leikjum og foreldrahópurinn var óþreytandi að framreiða kræsingarog aðstoða við föndur inn á milli atriða. Gist var í þægilegu félagsheimili og var sviðið óspart notað fyrir frumsamið skemmtiefni á kvöldvökum. Hópurinn hafði mjög gott af samverunni og ómetanlegt að hafa tækifæri til að bjóða uppá slíka ferð með aðstoð góðra styrktaraðila.



Æskulýðsdagar voru haldnir 8.-10. júní í blíðskaparveðri sem gerði þá ennþá skemmtilegri en ella og kom sér afar vel þar sem inniaðstaða félagsins var undirlögð af framkvæmdum. Æskulýðsdagar hafa nokkuð lengi verið árviss atburður í félaginu og á undanförunum árum hefur þátttakan verið jöfn og góð. Í ár tóku rúmlega 30 krakkar á aldrinum 4-16 ára þátt í æskulýðsdögum. Helga Rósa Pálsdóttir var leiðbeinandi og fórst það mjög vel úr hendi. Þó hestamennska og fræðsla tengd henni sé í fyrirrúmi á þessum dögum þá er ýmislegt fleira sér til gamans gert s.s. farið í sundferðir, leiki, sungið, haldnar kvöldvökur, farið í gönguferðir, óvissuferðir og grillað. Listasmiðjur voru alla dagana þar sem unnið var með skeifur, gler og fleira, ungmenni úr leikfélaginu unnu með krökkunum að skemmtiatriðum fyrir kvöldvöku og hestasnyrting og reiðtygjaumhirða var á sínum stað. Síðasta daginn var slegið upp skrautsýningu þar sem stoltir knapar léku listir sínar og sýndu árangur námskeiðsins. Allir voru velkomnir á sýninguna sem var vel sótt og endaði með grillveislu. Æskulýðsnefndin og félagar úr Blæ vinna mikla sjálfboðavinnu á æskulýðsdögum, t.d. þarf að sjá um matinn, vera með í reiðtúrum og gæta krakkanna á nóttunni, flytja þá í sund og á aðra viðburði sem fram fara utan hestasvæðis, auk þess að sjá um allan undirbúning. Krakkarnir dvelja á félagssvæðinu meðan á æskulýðsdögum standur, í tjöldum ef veður leyfir en annars í félagshúsi Blæs. Öllum krökkum sem geta útvegað sér reiðskjóta er heimil þátttaka á æskulýðsdögum og þátttökugjald er ekkert. Hluti hópsins núna var að stíga sína allra fyrstu skref í hestamenskunni en aðrir voru lengra komnir. Það er alltaf ótrúlega gaman að fylgjast með framförum sem verða hjá krökkunum á æskulýðsdögum þar sem þau eru allan daginn í reiðtímum, reiðtúrum og hópastarfi tengdu hestum og þar kviknar áhugi hjá mörgum sem annars fengu ef til vill ekki tækifæri til að kynnst hestamennsku.



Fimm meðlimir æskulýðsdeildarinnar kepptu á fjórðungsmóti á Hornafirði í sumar, náðu góðum árangri og voru félaginu sínu til sóma.

Börn, unglingar og ungmenni settu einnig svip sinn á mót sem haldin voru á vegum félagsins með þátttöku sinni og sóttu mót í nágrannabyggðum eins og ístölt Austurlands og fleira.

Hrönn Hilmarsdóttir var tilnefnd frá Blæ til vals á íþróttamanni Fjarðabyggðar 2012 sem fram fer í desember ár hvert. Valið er úr hópi unglinga og ungmenna fyrir þá tilnefningu.

Til starfsins þetta árið naut æskulýðsdeildin góðra styrkja, til dæmis frá Ungmennafélaginu Agli Rauða, SÚN og Alcoa-Fjarðaáli.

Undanfarin ár hefur verið frekar fámennt í eldri hópum æskulýðsdeildarinnar en nú er að vaxa upp hjá okkur þéttur hópur áhugasamra krakka svo við horfum björtum augum til framtíðar og stefnum að því að reyna að laða til okkar enn fleiri meðlimi á nýju starfsári.

Með bestu kveðju
Æskulýðsnefnd Blæs